

Handbók um umferðarmerki

Rammareglur og ýmsar útfærslur

Útgefandi Vegagerðin

Mars 2025



Efnisyfirlit

Aðalbrautir	3
Hraðamerkingar	4
Reglur um merkingar blindhæða	6
Skýringarmynd af blindhæð	6
Merkingar brúa	7
Reglur um merkingar einbreiðra brúa	8
Skýringarmyndir af merkingum einbreiðra brúa á vegum eftir árdagsumferð	9
Reglur um merkingu hringtorga	11
Skýringarmynd af merkingum á hringtorgum utan þéttbýlis	12
Skýringarmynd af merkingar á hringtorgum innan þéttbýlis	14
Merking jarðganga	15
Skýringarmynd af merkingu einbreiðra jarðganga	16
Skýringarmyndir af merkingum gatnamóta einstefnuvega	18
Skýringarmyndir af notkun tvístefnumerkis	19
Skiltabryr	21

Sjá einnig

Vegnúmerakerfið og reglur um vegvísun í handbók um vegvísun


Merkingar vinnusvæði

Aðalbrautir

Skilgreining:

Á aðalbrautum hefur umferð á vegi forgang gagnvart umferð af hliðarvegi. Vegir sem njóta aðalbrautarréttar hafa verið birtir í Stjórnartíðindum.

Aðalbrautarkerkingar

 206 Aðalbraut	  723.13 Vegnúmer	 202 Biðskylda	 204 Stöðvunarskylda
 208 Aðalbraut endar	 802.1 Fjarlægð að hættu eða stað	 824 Stöðvunarskylda framundan	

Merkið 206 er sett þar sem aðalbraut byrjar, svo og við vegamót eftir því sem þurfa þykir.

Merkið 208 er sett þar sem aðalbraut endar.

Merkið 202 eða 204 eru sett við hliðarveginn.

Merkið 723.13 er gjarnan sett undir aðalbrautarkerki. Á hvítum vegvísunum er tákn vegnúmers haft gult.

Undirmerkið 802.1 er sett ásamt 202 300 m frá vegamótum þar sem aðalbraut tengist annarri aðalbraut.

Undirmerkið 824 er sett ásamt 202 300 m frá vegamótum þar sem stöðvunarskylda er á aðalbraut.

Merkja skal aðalbrautir með merki **206 Aðalbraut** og merki **723.13 Vegnúmer**:

- sitt hvorum megin 300 - 1000 m frá vegamótum við þjóðvegi fyrir umferð sem ekur frá vegamótunum. Ef tvö eða fleiri vegamót við þjóðvegi eru á 3 km kafla eða styttri skal merkja þau eins og um ein vegamót væri að ræða, þ.e. með merki út frá vegamótum í endum kaflans og merkjum á milli þeirra sleppt.
- áður en komið er að vegamótum við þjóðveg í 500 - 1000 m fjarlægð ef vegalengd frá síðasta aðalbrautarkerki er meiri en 20 km.
- fyrir báðar akstursstefnur með að jafnaði ca. 15 km millibili ef fjarlægð frá síðasta aðalbrautarkerki er meiri en 30 km, nema þar sem vegur liggur um óbyggð svæði og engin biðskyldumerki eru fyrir hendi, en í þeim tilfellum skal setja merki 500 - 1000 m áður en komið er að fyrsta afleggjara með biðskyldumerki.

Setja skal upp **202 biðskyldumerki** við vegi sem tengjast aðalbraut samkvæmt eftirfarandi:

- þjóðvegi sem tengjast aðalbrautum
- skýrt afmarkaða afleggjara að húsum/býlum í byggð
- skýrt afmarkaða afleggjara við:
 - orlofshús, 3 eða fleiri
 - skóla
 - stærri kirkjur
 - malarnámur með mikla umferð
 - félagsheimili
 - skíðaskála

Þar sem aðalbraut tengist annarri aðalbraut


skal auk 202  vera 202 merki og undirmerki 802.1, 300 m frá vegamótum.

Þar sem aðalbraut tengist annarri aðalbraut og gatnamót eru merkt með stöðvunarskyldu skal

auk 204  við gatnamót vera 202 merki og undirmerki 824, 300 m frá vegamótum. Gatnamót skal merkja með 204

Stöðvunarskylda ef þau eru sérstaklega hættuleg.

Hraðamerkingar

Hraðamerki		Merki sem fylgja gjarnan hraðamerkjum	
			
362.80 Sérstök takmörkun hámarkshraða	362.90 Sérstök takmörkun hámarkshraða	206	723.13

Við þjóðvegi utan við mörk þéttbýlis (á vegum lengri en 2 km) og utan marka þeirra svæða þar sem sértakar hraðatakmarkanir eru í gildi eiga að vera hraðamerki 362.

Eftirfarandi hámarkshraði gildir nema annað sé tekið fram:



90 km hámarkshraði á vegum með bundnu slitlagi



80 km hámarkshraði á malarvegum

Vinnureglur um staðsetningu merkjanna:


- Merkin skal að jafnaði setja upp 200-500 m utan við merki 546 Þéttbýli lýkur  eða þar sem sérstökum hraðatakmarkunum lýkur
- Þar sem stuttur tengivegur (< 2 km) frá þéttbýli tengist inn á stofnbraut skulu merkin að jafnaði staðsett 200-300 m sitt hvorum megin við vegamótin (t.d. við Hólmavík, Þórshöfn, Djúpavog)
- Sitt hvoru megin 500 m frá vegamótum við þjóðvegi fyrir umferð sem ekur frá vegamótunum. Ef tvö eða fleiri vegamót við þjóðvegi eru á 1 km kafla eða styttri skal merkja þau eins og um ein vegamót væri að ræða, þ.e. með merki út frá vegamótum í endum kaflans og merkjum á milli þeirra sleppt
- Áður en komið er að vegamótum með lækkuðum hámarkshraða í 500 m fjarlægð frá vegmótum eins og reglur kveða á um
- Fyrir báðar akstursstefnur með að jafnaði ca. 15 km millibili ef fjarlægð frá síðasta hraðamerki er meiri en 30 km

Þar sem ÁDU > 500 b/dag skal þvermál 362 merkja vera 800 mm annars 600 mm.

Þar sem ÁDU > 5000 b/dag skulu að jafnaði vera tvö merki sitt í hvorum vegkanti á fyrstu hraðamerkingu frá þéttbýli.

Málsetning af hraðamerkingu með stórum merkjum, aðalbrautarrétti og vegnúmeri á næstu síðu.

Hraðamerkingar
Staðsetning merkja



Reglur um merkingar blindhæða

Yfirlit merkja

 156 Önnur hættu	 850.1 Blindhæð	 850.2 Blindhæðir
--	---	---

Reglugerð um umferðarmerki:

A99.11 Merki þetta ber að nota þar sem ástæða þykir til að vara við hættu. Gera skal nánari grein fyrir hættunni með undirmerki eða með tákni á merkinu sjálfu. Merkið má og nota án undirmerkis með öðru umferðarmerki ef ástæða þykir til að vara sérstaklega við hættu.

850.1 Merki þetta er notað með 156  þar sem hæð framundan takmarkar mjög vegsýn.

850.2 Merki þetta er notað með 156  þar sem hæðir framundan takmarka mjög vegsýn.

Almennur reglur

Merkin má einnig nota með 100.1 og 100.2 hættuleg beygja   eða 102.1 og 102.2 hættulegar beygjur  .


Merkin skal nota þar sem vegsýn ökumanns vegna hæðar / umhverfis er minni en mætilengd.

Leyfður hámarkshraði	Mætilengd
70 km	184 m
80 km	248 m
90 km	304 m

Mætilengd er skilgreind sem tvöföld stöðvunarlengd og 10 m öryggisbil.

Stöðvunarlengd er sú vegalengd sem það tekur ökumann á hönnunarhraða vegar að stöðva ökutæki sitt við óvænta hindrun. Gert er ráð fyrir að augnhæð ökumanns sé í 1,1 m hæð yfir jörðu. Stöðvunarlengd er samantöl ekin vegalengd á viðbragðstíma og hemlunarvegalengd ökutækis.


Skýringarmynd af blindhæð



L_s : Stöðvunarlengd, L : Sjónlengd ökumanns vegna hæðar, $L < L_s$: Skert stöðvunarlengd

Merkingar brúa

Yfirlit merkja sem eru notuð til að merkja brýr

 156 Önnur hættu	 100.1 Hættuleg beygja til hægri	 100.2 Hættuleg beygja til vinstri	 854.2 Einbreið brú	 854.3 Einbreið brú með þröngri akbraut
  906.11 906.12 Gátskjöldur í vegkanti	  906.21 906.22 Gátskjöldur á brú	 802.1 Fjarlægð að hættu eða stað	 920.1 Vegstika	 729.2 Staðarmerki

Reglugerð um umferðarmerki:

906.11 og 906.12. Síma- og rafmagnsstaura og aðra slíka hluti við veg sem þrengja akbraut eða valdið geta vegfarendum hættu má merkja með skjöldum með svörtum og gulum skástrikum sem vísa að vegi.

906.21 og 906.22. Brúarenda má merkja með skjöldum með svörtum og gulum skástrikum sem vísa að vegi.

854.2. Merki þetta er notað með 156  til að vara við einbreiðri brú.

854.3. Merki þetta er notað með viðvörunarmerki til að vara við einbreiðri brú og akbraut sem er mjórri en 3,05 m.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Tvíbreiðar brýr ber einungis að merkja ef þær eru þrengri en akbraut og áxlir vegar og þá skal merkja þær með gátskjöldum.

Ef akbraut einbreiðrar brúar er breiðari en 3,05 metrar ber að nota viðeigandi viðvörunarmerki (156, 100.1 eða 100.2) og undirmerki 854.2.

Ef akbraut brúar er 3,05 metrar eða minni ber að nota viðeigandi viðvörunarmerki (156, 100.1 eða 100.2) og undirmerki 854.3.

Einbreiðar brýr skal merkja samkvæmt **reglum um merkingar einbreiðra brúa** (sjá hér að neðan).

Reglur um merkingar einbreiðra brúa

Merking brúa á vegum þar sem árdagsumferð (ÁDU) er meiri en 300 bílar

Brýr á vegum með meiri árdagsumferð en 300 bíla skal merkja á eftirfarandi hátt. - Sjá skýringarmynd 1

- Á enda leiðara (brúarhandriðs) áður en hann sveigist út skulu koma gátskildir 906.21 og 906.22.
- Á enda leiðara skulu koma gátskildir 906.21 og 906.22.
- 30 m frá enda á leiðara skulu koma gátskildir 906.11 og 906.12. Stærð þeirra skal vera 30 x 100 sm.
- 80 m frá enda á leiðara skulu koma gátskildir 906.11 og 906.12. Stærð þeirra skal vera 30 x 100 sm.
- Að baki gátskjaldanna skal komið fyrir stikum.
- 200 - 250 m frá enda á leiðara skulu koma beggja megin vegar merkin 106.1 ásamt undirmerkinu 854.2.
- 500 m frá enda á leiðara skal koma á hægri vegaröxl, miðað við akstursstefnu að brúnni, merkin 106.1 ásamt undirmerkjunum 854.2 og 802.1.

Merking brúa á vegum þar sem árdagsumferð (ÁDU) er minni en 300 bílar

Brýr á vegum þar sem árdagsumferð er á bilinu 200 - 300 bílar skal merkja á eftirfarandi hátt. - Sjá skýringarmynd 2

- Á enda leiðara (brúarhandriðs) áður en hann sveigist út skulu koma gátskildir 906.21 og 906.22.
- Á enda leiðara skulu koma gátskildir 906.21 og 906.22.
- 30 m frá enda á leiðara skulu koma gátskildir 906.11 og 906.12. Stærð þeirra skal vera 30 x 100 sm.
- Að baki gátskjaldanna skal komið fyrir stikum.
- 200 - 250 m frá enda á leiðara skulu koma beggja megin vegar merkin 106.1 ásamt undirmerkinu 854.2.

Brýr á vegum þar sem árdagsumferð er minni en 200 bílar skal merkja á eftirfarandi hátt. - Sjá skýringarmynd 3


- Á enda leiðara (brúarhandriðs) áður en hann sveigist út skulu koma gátskildir 906.21 og 906.22.
- Á enda leiðara skulu koma gátskildir 906.21 og 906.22.
- 250 m frá enda á leiðara skal koma á hægri vegaröxl, miðað við stefnu að brúnni, merkin 106.1 ásamt undirmerkinu 854.2 ef bundið slitlag er á viðkomandi vegi skulu merkin 106.1 ásamt undirmerkinu 854.2 vera beggja megin vegar.

Við brýr sem eru þrengri en 3,05 m skal nota merkið 854.3 í stað 854.2.


Heimilt er að vara við endum leiðara með þar til gerðum merkjum. Sjá neðangreinda mynd.




Skýringarmyndir af merkingum einbreiðra brúa á vegum eftir árdagsumferð



Skýringarmynd 1



Skýringarmynd 2



Skýringarmynd 3


Dæmi um merkingu á brú



Munkaþverá á 829-02

Reglur um merkingu hringtorga


Yfirlit merkja

		
202 Biðskylda	126 Hringtorg	402.1 Akstursstefnumerki
		
404 Akbrautamerki	406 Hringtorg	703.3 Staðarleiðatafla
		
802.1 Fjarlægð að hættu eða stað	906.11 Gátskjöldur í vegkanti	902.1 Þverslá

Merkingar á hringtorgum utan þéttbýlis

- Á móti aðliggjandi akbraut skal vera þverslá 902.1 (hæð 50 sm) ásamt tveimur merkjum 402.1. Æskilegt er að merkin séu upplýst.
- Við akbraut að hringtorgi í hægri horni 2 - 6 m frá hringtorgi skulu vera merkin 202 og 406
- Á enda umferðareyju sem aðskilur akbrautir að og frá hringtorgi skulu vera merkin 404 og 906.11. Æskilegt er að merkin séu upplýst.
- Merkin 126 og 802.1 skulu vera á hægri kanti aðliggjandi akreinar 150 - 200 m frá hringtorgi.
- Merkið 703.3 skal vera á hægri kanti aðliggjandi akreinar 300 - 400 m frá hringtorgi.
 - Upplýst merki er fullnægt með:
 - almennri götulýsingu,
 - innbyggðri lýsingum merkis eða
 - lýsingu ofan við merki.


Skýringarmynd af merkingum á hringtorgum utan þéttbýlis



Merki 202, 406, 404 og 906.11 eru við allar tengingar.

Málsetningar merkja á hringtorgi

Allar stærðir í sentimetrum




Kassarnir á myndinni sýna algenga stærð ljósa þar sem götulýsing er ekki til staðar.

Merkingar á hringtorgum innan þéttbýlis

- Á móti aðliggjandi akbraut skal vera merkið 402.1
- Við akbraut að hringtorgi í hægra horni 2 - 6 m frá hringtorgi skulu vera merkin 202 og 406
- Á enda umferðareyju sem aðskilur akbrautir að og frá hringtorgi skal setja vera merkin 404 og að auki má setja 906.11
- Merkin 126 og 802.1 má setja á hægri kant aðliggjandi akreinar 150 - 200 m frá hringtorgi

Heimilt er að merkja hringtorg innan þéttbýlis á sama hátt og í dreifbýli ef talin er ástæða til.

Skýringarmynd af merkingar á hringtorgum innan þéttbýlis



Merking jarðganga



Yfirlit merkja sem eru notuð til að merkja allar tegundir ganga

 122 Jarðgöng	 802.1 Fjarlægð að hættu eða stað	 650.7 Ártal opnunar er oft með á upplýsingatöflu.	 314 Takmörkuð hæð ökutækja
---	---	---	---

Vinnureglur um notkun


- 500 m frá gangamunna skal koma 122 og 802.1.
- Á gangamunna skal koma 650.
- Á gangamunna skal koma 314.

Viðbótarmarki sem eru notuð til að merkja einbreið göng

 854.4 Einbreið jarðgöng	 106.2 Vegur mjókkar frá hægri	 106.3 Vegur mjókkar frá vinstri	 214 Umferð á móti veitir forgang
 212 Skyld að veita umferð sem kemur á móti forgang	 914.11 914.12 Gátskjöldur í jarðgöngum	 652.4 Útskot	

Vinnureglur um notkun

- 500 m frá gangamunna skal koma 122 og 802.1.
- 200 m frá gangamunna skal koma 106.2 eða 106.3 eftir því hvort á við.
- 50 m frá gangamunna skal koma 214 eða 212 eftir því hvort á við.
- 50 m frá gangamunna skal koma á hægri vegaröxl m.v. akstursstefnu frá göngum, merkið 122.
- Á gangamunna skal koma 650.
- Á gangamunna skal koma 314.
- Í göngum skal nota gátskildi 914.11 og 914.12. Við útskot í göngum skal koma 652.4.

Skýringarmynd af merkingu einbreiðra jarðganga

Dæmi um önnur merki sem eru notuð til að merkja í og við göng

 306.6 Hjólreiðar bannaðar	 306.7 Umferð gangandi vegfarenda bönnuð	 306.9 Umferð reiðmanna og rekstur hrossa bannaður	 308 Akstur ökutækja með hættulegan farm bannaður
 315 Minnsta bil milli vélknúinna ökutækja	 335 Framúrakstur vörubifreiða bannaður	 362 Sérstök takmörkun hámarks hraða	 555.1 Neyðarútskot
 555.2 Neyðarútskot	 652.2 Snúningssvæði til vinstri	 659 Rafræn gjaldtaka	 660.2 Neyðarútgangur
 660.1 Neyðarútgangur	 652.1 Snúningssvæði til hægri	 655.62 Meðalhraða- eftirlit	 655.71 Eftirlits- myndavél
 760.6 Slökkvitæki	 760.5 Neyðarsími eða talstöð	 916 Fjarlægðarmerking í jarðgöngum	


Virgni ljósa í vegkanti jarðgangna:

Í jarðgöngum eru notuð ljós í stað vegstika og lýsa þau hvítu ljósi. Þau afmarka ytri kant akbrautar til að leiðbeina öikumönnum. Hægt er að breyta styrk þeirra og láta þau blikka til að vara við hættuástandi í göngum og er það gert handvirk af stjórnstöð Vegagerðarinnar.


Skýringarmyndir af merkingum gatnamóta einstefnuvega

Meta skal aðstæður hverju sinni hvernig merkja bera gatnamótin.


Dæmi um merkingu með biðskyldu og boðmerkjum.




Dæmi um merkingu með biðskyldu, einstefnumerki og beygjubanni.




Dæmi um merkingu með biðskyldu, einstefnumerki og boðmerki.




Dæmi um merkingu með biðskyldu, einstefnumerki og banni við innakstri



Dæmi um notkun tvístefnumerkis á einstefnuakstursvegi.








Dæmi um uppsetningu skilta þar sem bannað er að leggja ökutæki



Skiltabrýr

Yfirlit merkja sem eru notuð eru á skiltabrýr

 Öll Breytilegmerki	 314 Takmörkuð hæð ökutækja	 709 Töfluleiðavísir	 Breytilegt textamerki
 1180 Almenn umferðarljós.	 1182 Ljósör.	 1182 Ljósör.	 1188 Umferðarljós fyrir hópbifreiðar í almenningsakstri.
 1190 Akreinaljós			